

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag við Hrismýri á Selfossi.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 24. apríl 2006 tillögu að deiliskipulagi lóðar við Hrismýri á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 3. janúar 2006 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 10. febrúar til og með 10. mars 2006 með athugasemdafresti til og með 24. mars 2006.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillögunu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 28. apríl 2006.*

**Bárður Guðmundsson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.